

Skipulagsstofnun
b/t Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. janúar 2020
UST202001-053/R.K.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum -Matsskyldufyrirspurn- Landfylling og brú yfir Fossvog

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst dags. 6. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Áætlað er að reisa 270 m langa brú yfir ytra minni Fossvogs sem tengir norðurenda Bakkabrautar á Kársnesi við flugbrautarenda Reykjavíkurlflugvallar vestan Nauthólsvíkur. Landfyllingar verða beggja megin brúar að flatarmáli alls um 0,9 ha fyrir báða brúarenda og mun minni vogsins þrengjast í 270 m við það. Reykjavíkur megin er áætluð efnispörf um 66.000 m³ (mun taka 7.750 m²) en Kópavogsmegin er hún mun minni eða um 8.200 m³ (mun taka 1.300 m²). Brúin yfir Fossvog er einungis áætluð fyrir gangandi og hjólandi umferð auk umferðar almenningsvagna og er henni ætlað að bæta samgöngutengingar og auðvelda vistvæna samgöngumáta á milli Kópavogs og Reykjavíkur. Framkvæmdin er partur af 1. áfanga uppbyggingar Borgarlínu en er tilkynnt til matsskyldu sem sjálfstæð framkvæmd. Fram kemur í greinargerð að framkvæmdin feli í sér gerð landfyllinga, byggingu brúar og bráðabirgðarvegtengingar.

Umhverfisstofnun hefur skrifað umsagnir vegna brúar yfir Fossvog, í skipulagsferli málsins bæði hjá Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ, um tillögur deiliskipulags og breytingu aðalskipulags frá 2016-2019. Allar umsagnir eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar. Stofnun bendir á að á ýmsum stöðum greinargerðar eru tilvísanir í myndir rangar sem er ruglingslegt.

Umhverfisstofnun telur að áframhaldandi veglagning meðfram Reykjavíkurlflugvelli sem liggur að Skerjafirði hefði átt að vera tilkynnt með umræddri framkvæmd brúar yfir Fossvog til matsskyldu. Að mati stofnunarinnar er betra að meta hugsanleg umhverfisáhrif framkvæmda í heild sinni sé það mögulegt.

Mat á umhverfisáhrifum

Við mat á umhverfisáhrifum skal taka mið af umfangi og eðli framkvæmdar auk staðsetningar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti.

Umhverfisstofnun fjallar um og tekur afstöðu til áhrifa framkvæmdar á eftirfarandi umhverfisþætti; verndarsvæði, gróður, strand- og sjávarlífriki, strauma í Fossvogi, fuglalíf, ásýnd, hljóðvist og loftgæði.

Verndarsvæði, lífríki fugla og sjávarlífvera

Náttúrufræðistofnun Íslands setur fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. Umhverfisstofnun vill benda á að framkvæmdarsvæðið nær til svæðis sem er á tillögu að framkvæmdaáætlun (B-hluta) og kallast Álftanes - Skerjafjörður. Umhverfisstofnun bendir á að upplýsingar um ofangreint svæði er að finna á heimasíðu Náttúrufræði-stofnunar Íslands og á kortasjánni <https://natturuminjaskra.ni.is/>.

Innan framkvæmdarsvæðisins eru engin svæði sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hins vegar eru leirur sem falla undir greinina innar í fossvoginum. Fram kemur í greinargerð að miðað verði við að lágmarka rask á náttúrulegri strandlínu við Kýrhamar eins og mögulegt er.

Tvö friðlýst svæði eru í nálægð við framkvæmdarsvæðið. Þau eru annars vegar í Kópavogi (Skerjafjörður innan Kópavogs) 39 ha og hins vegar í Fossvogi (Fossvogsbakkar) alls 23,6 ha. Í auglýsingu um búsvæðaverndina frá 30. janúar 2012 kemur fram að Skerjafjarðarsvæðið í heild hafi alþjóðlegt verndargildi vegna farfuglategunda og að í Kópavogi er stór hluti af leirum á Skerjafjarðarsvæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að það kann að vera áskorun að byggja brú með landfyllingum þannig að friðlýst búsvæði í Fossvogi haldi verndargildi sínu sem búsvæði fugla. Þar skiptir mestu að straumur inn og úr firðunum haldist nær óskertur. Fram kemur í greinargerð að Skerjafjörður er skilgreindur af Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Leirur og sjávarfitjar í Fossvoginum eru auðugt og eftirsótt fæðuöflunarsvæði fyrir fugla allt árið um kring. Í greinargerð segir: „Á undanföllum áratugum hefur gengið nokkuð á leirur á Innesjum en reynt hefur verið að standa vörð um þær sem eftir eru lítt eða óraskaðar“ (bls. 33). Þá er vísað í grein úr náttúruvísindaritinu *Náttúrufræðingnum* (Haraldur R. Ingvarsson o.fl., 2016) sem fór fram á fuglalífi í Skerjafirði þar sem fram kemur að ef komi til framkvæmda í Fossvoginum, s.s. frekari þrenginga eða brúargerða, sé afar nauðsynlegt að fram fari vandað mat á áhrifum framkvæmdanna á strauma og sjóskipti í Fossvogi sem geta haft mikil áhrif á búsvæði hryggleysingja í voginum og þar með fæðuframboð fyrir fugla.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem að framan segir og mikilvægi þess að forðast rask á leirum, sjávarfitjum og öðrum vistgerðum sem falla undir sérstaka vernd. Stofnunin telur ekki að umrædd framkvæmd sé líkleg til að valda miklu raski á svæðinu í Fossvogi og ef straumur og vatnaskipti haldist næg séu áhrif framkvæmdar á verndarsvæði og fuglalíf óveruleg.

Straumar í Fossvogi og valkostir

Líkt og hefur komið fram í ábendingum Náttúrufræðistofnu Kópavogs og kom fram í ofangreindri grein frá 2016 er mikilvægt tryggð séu góð vatnaskipti og gætt sé að tilflutningi botnssets með efnisflutningum þar sem brú og landfyllingar geta valdið breytingum á straumfar innan við brú. Þá þarf einnig að lágmarka áhrif brúarinnar á seltu og að brúin hafi ekki þau áhrif á botngerð að það ógni búsvæðum á botni vogarins.

Samkvæmt greinargerð voru skoðuð áhrif af mismunandi valkostum m.t.t. lengd brúar könnuð af Verkfræðistofnunni Vatnaskilum árið 2019; 100 m, 170 m og 270 m langra brúa. Þar kom fram að 270 m löng brú er valinn kostur sem tryggir vatnaskipti og við þá lengd er ekki reiknanleg uppsöfnun sets á sjávarbotni og engin merkjanleg áhrif rofs og uppsöfnunar vegna framkvæmdarinnar skv. Vatnaskilum (2019). Þar sem sú lengd brúar veldur minnstum áhrifum á ofangreinda þætti tekur Umhverfisstofnun undir þennan valkost.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að árið 1986 var ytra minni Fossvogs 570 m breitt líkt og sýnt er á mynd 3 í greinargerð. Í dag er það um 320 m ef mælt er við þrengsta hluta og mun þrengjast í 270 m við áætlaða framkvæmd (sjá mynd 27 bls. 26). Þessar þrengingar stafa af landfyllingum beggja megin við voginn. Því er vert að tryggja að streymi og vatnaskipti séu tryggð með áætlaðri framkvæmd þar sem um er að ræða talsverða þrengingu á rúmum 30 árum. Umhverfisstofnun telur að umfang landfyllinga fyrirhugaðrar framkvæmdar hefði mátt vera skýrara í greinargerð þar sem sýna mætti á myndum (t.a.m. myndum 15, 17, 18) hve marga metra landfyllingar munu ná út hvor megin en ljóst er að þær ná samanlagt alls 50 m.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhuguð framkvæmd er innan vatnshlots nr. 104-1302-C (Skerjafjörður) og fellur undir lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun skulu vatnshlot vera í mjög góðu, eða góðu vistfræðilegu ástandi. Vistfræðilegt ástand byggir á líffræðilegum, vatnsformfræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum. Fyrirhuguð framkvæmd flokkast sem vatnsformfræðileg breyting og getur þ.a.l. haft áhrif á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti vatnshlotsins. Ef vatnshlot nær ekki umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar þarf að fara í aðgerðir til að gott ástand nánist. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að vatnshlotið er á skrá yfir vernduð og viðkvæm svæði samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 535/2011. Vatnshlotið er á ofangreindri skrá vegna þess að Ylströndin í Nauthólsvík fellur undir reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni.

Umhverfisstofnun bendir á að sterkir straumar inn og út úr Fossvogi eru mikilvægir svo aðrir samverkandi þættir hafi ekki neikvæð áhrif á lífríki leiranna. Umhverfisstofnun bendir á að Fossvogslækur rennur í leirur Fossvogs. Í þeim læk hefur mælst (ágúst, 2018) saurmengun og skv. reglugerð nr. 796/1999 fellur lækurinn ýmist í umhverfismörk III eða IV skv. Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis. Því er nauðsynlegt að það sé næg blöndun í veginum svo áhrif lækjarins á leirurnar verði ekki neikvæð. Vatnsskipti verða að haldast næg.

Ásýnd, hljóðvist og loftgæði

Ljóst er að áætlað mannvirki mun breyta ásýnd Fossvogs og upplifun fólks af svæðinu að mati Umhverfisstofnunar. Í greinargerð kemur fram að ekki sé komist hjá því og að stefnt sé að því að brúin verði mikilvægur partur af borgarlandslaginu og að hún sé hönnið til að hafa sem jákvæðust áhrif á ásýnd svæðisins en ekki til að falla inn í umhverfið.

Umhverfisstofnun telur að hvað varðar hljóðvist og loftgæði að umhverfisáhrif vegna framkvæmda verða neikvæð á framkvæmdatíma þá sérstaklega Kópavogs megin þar sem þungaflutningabílar eru að fara í gegnum Kársnesið sem er íbúðarhverfi. Reykjavíkur megin er hægt að komast hjá því að keyra í gegnum íbúðarhverfi og því áhrif framkvæmda

á þessa umhverfisþætti minni. Stofnunin telur að áhrifin vera aðallega bundin við framkvæmdartíma en neikvæð fyrir íbúa Kópavogs á Kársnesi. Áform um að lágmarka hljóðmengun almenningsamgönguvagna yfir brúnna, og í gegnum íbúðarhverfi sem áformuð eru beggja megin brúarinnar, með rafknúnum vögnum eru jákvæð að mati Umhverfisstofnunar. Stofnunin bendir þó að slík áform séu gerð í samráði við Strætó bs. og ekki kemur fram í greinargerð að nein áform eða samningar um slíkt liggi fyrir.

Annað

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í tilkynningu um matsskyldu er misræmi í upplýsingum er varða stærð fyrirhugaðra landfyllinga. Fram kemur í texta á bls. 20 að gert sé ráð fyrir landfyllingum beggja vegna, þar sem brúin kemur að landi við ströndina, og að heildarstærð fyllinga verði um 0,74 ha. Í töflu á bls. 20 kemur hins vegar fram að flatarmál landfyllinga sé 0,9 ha.

Fram kemur í greinargerð að fyrirhugað er að nýta uppgrafið efni úr nálægum byggingarsvæðum við gerð landfyllinga en enn er ekki ákveðið hvaðan efnið verður fengið þó líklegasti möguleikinn sé að nýta efni frá uppbyggingu Landspítala Háskólasjúkrahúss. Tekið er fram að ekki verði tekið á móti menguðum jarðvegi. Umhverfisstofnun telur að það geti verið jákvætt að nýtt verði efni af nálægum svæðum til að lágmarka flutninga efnis. Stofnunin telur hins vegar ekki að fullu hægt að meta umhverfisáhrif landfyllinganna þar sem upplýsingar vantar um hvers konar efni (gerð og eðli þess) verður notað. Miðað við framkvæmdalýsinguna verður um opna landfyllingu að ræða og því um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt en Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til heimila varp í hafið af ákveðnum efnum sem tilgreind eru í framangreindri reglugerð. Umhverfisstofnun getur ekki veitt leyfi til varps í hafið vegna fyrirhugaðra framkvæmda nema sýnt verði fram á að efnið falli undir b-lið 9. gr. laganna, þ.e. að um sé að ræða náttúruleg, óvirk efni, og upplýsingar berist samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Umhverfisstofnun bendir á að óljóst sé hvort hjólandi og gangandi vegfarendum verði fært á framkvæmdartíma að fara meðfram núverandi hjóla- og göngustíg sem liggur frá Nauthóslvík að meðfram strandlengunni fram hjá flugbrautinni að Skerjafirði. Stofnunin telur að ef ómögulegt sé að halda þessum leiðum opnum þá skuli reynt að takmarka þann tíma sem hjólandi og gangandi vegfarendur geti farið framangreinda leið þar sem um er að ræða vinsæla útivistarleið.

Í greinargerð er fjallað um áhrif brúarmannvirkis á sjósundsfólk þar sem kemur fram að hættulegt getur reynst að synda meðfram stólpum brúar vegna sögs en að slíkt verði ekki ljóst fyrr en hönnun brúar liggi fyrir. Jafnframt verði tekið sé mið af þessari hættu við hönnun brúarinnar. Umhverfisstofnun telur ljóst að upplifun sjósundsfólks auk annarra sem stunda útivist við svæðið muni breytast. Ekki mun aðeins ásýnd svæðis breytast heldur er einnig líklegt að möguleiki fólks til sjósunds á svæðinu, þá aðallega sundið að Skerjafirði, muni skerðast.

Ef ákvörðun Skipulagsstofnunar verður sú að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum minnir Umhverfisstofnun á það sem segir í 5. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum: „Við útgáfu leyfis til framkvæmdar sem fellur í flokk B og flokk C þar sem liggur fyrir ákvörðun um að framkvæmdin skuli ekki háð mati

á umhverfisáhrifum skal leyfisveitandi kynna sér tilkynningu framkvæmdaraðila og ákvörðunina um matsskyldu og kanna hvort framkvæmdin sé í samræmi við tilkynnta framkvæmd.“ Hægt er að binda framkvæmdaraðila skilyrðum sem tryggja að framkvæmdin sé í samræmi við þær forsendur sem lagt er upp með í tilkynningarskýrslu þar sem líkleg umhverfisáhrif hafa verið metin út frá þeim forsendum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að brýna það fyrir framkvæmdaraðila að ef umsókn til leyfisveitanda er ekki í samræmi við umrædda tilkynningu (tilkynningarskýrslu framkvæmdar til ákvörðunar um matsskyldu) þá verður að tilkynna framkvæmdina aftur. Er þetta sérstaklega mikilvægt hvað varðar áhrif framkvæmda á vatnaskipti, tilflutning sets og áhrif á lífríki í Fossvogi að mati Umhverfisstofnunar.

Niðurstaða

Um er að ræða framkvæmd brúar og landfyllinga, að miklu leyti á þegar byggðu svæði, á höfuðborgarsvæðinu sem ekki er talið líklegt til að valda raski á leirum Fossvogs og því lífríki sem þar þrífst. Framkvæmdin mun verka sem samgöngubót en mun hafa neikvæð áhrif á starfsemi siglingafélaga og sjósundsfólks þar sem brúin mun hamla siglingar og sund inn og út úr vöginum. Framkvæmdin mun óhjákvæmilega valda staðbundnum neikvæðum áhrifum á svæðum við minni Fossvogs á kafla strandlengjunnar þar sem lögð er landfylling, bæði Kópavogs og Reykjavíkur megin, en þau neikvæðu áhrif verða á litlu landsvæði sem ekki fellur undir sérstaka vernd. Samkvæmt úttekt Vatnaskila er framkvæmdin ekki talin hafa merkjanleg áhrif á vatnaskipti eða tilflutning sets í vöginum og því ólíklegt að brúin og landfyllingar muni hafa varanleg neikvæð áhrif á leirurnar og sjávarfítjar innst í Fossvogi sem falla undir sérstaka vernd 61. gr. náttúruverndarlaga. Mikilvægt er að ekki komi til meiri þrengingar inn í vögin að mati Umhverfisstofnunar.


Umhverfisstofnun telur áhrif fyrirhugaðra framkvæmda í Fossvogi vera eftirfarandi: Áhrif á verndarsvæði leira og sjávarfítja vera óveruleg ef straumur og vatnaskipti í vöginum eru tryggð. Sama á við um áhrif framkvæmdar á gróður, strand- sjávarlífríki og fuglalíf. Áhrif á hljóðvist og loftgæði eru neikvæð á framkvæmdartíma sökum truflunar í íbúabyggð en með mótvægisáðgerðum (m.a. rafknúnum almenningssamgöngum) ættu áhrifin að vera óveruleg á rekstartíma. Áhrif á ásýnd geta talist talsvert neikvæð en staðbundin og að áhrif á samfélag eru neikvæð með tilliti til siglinga og sjósunds en verulega jákvæð með tilliti til almenningsgangna og vistvænna samgangna á milli Reykjavíkur og Kópavogsbæjar.

Með tilliti til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdar, líkt og henni er lýst í greinargerð, telur Umhverfisstofnun að umrædd framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur